

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 – 2001

Nr. 226

500

15. mars 2001

AUGLÝSING

um friðunarsvæði, þar sem eldi frjórra laxa
(*Salmo salar*) í sjókvíum er óheimilt.

1. gr.

Til verndunar villtum laxastofnum er eldi frjórra laxa í sjókvíum óheimilt á eftirtöldum svæðum við strendur landsins:

1. Í Faxaflóa innan línu sem dregin er frá Garðskaga að Malarrifi á Snæfellsnesi.
2. Í Breiðafirði innan línu sem dregin er frá Hellissandi að Látrabjargi.
3. Í Húnaflóa og Skagafirði innan línu sem dregin er frá Geirólfsgnúp að Siglunesi.
4. Við Skjálfanda innan línu sem dregin er frá Bjarnarfjalli að Tjörnesstá.
5. Við Norðausturland innan línu sem dregin er frá Hraunhafnartanga að Fonti á Langanesi og frá Fonti að Glettinganesi.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. mars 2001.

Guðni Ágústsson.

Guðmundur B. Helgason.